



HAFNARFJÖRÐUR

Skipulagssjóri Kópavogsbæjar
Birgir H. Sigurðsson
Fannborg 2
200 Kópavogi

Hafnarfirði 30. nóvember 2015.

Efni: Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar um verkefnislýsingu deiliskipulags Þríhnjúkagígs og nágrennis í Kópavogi.

Á fundi umhverfis- og framkvæmdarráðs, þann 18. nóvember síðastliðinn var á fundi ráðsins farið yfir verkefnislýsingu fyrir deiliskipulag fyrir Þríhnjúkagíg sem er í auglýsingu á vef Kópavogsbæjar. <http://www.kopavogur.is/thjonusta/umhverfi-og-skipulag/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/grenndarkynningar/thrihnukagigur-verkefnislýsing-deiliskipulag>.

Hafnarfjarðarbær barst ekki formlegt erindi vegna málsins frá Kópavogi.


Ráðið samþykkti á fundi sínum eftirfarandi : „Umhverfis- og framkvæmdaráð felur sviðsstjóra að vinna umsögn þar sem vatnsverndasjónarmið verði höfð í forgrunni.“

Hafnarfjarðarbær telur sig hafa tvöfalda ástæðu til að hafa skoðun á þessari verkefnislýsingu, í fyrsta lagi vegna væntanlegra lögsögumarka, en Hafnarfirði var dæmd lögsögumörk að Þríhnjúkagíg, með dómi um þjóðlendur, Hafnarfjarðarbær og Garðabær hafa ekki gengið frá breyttum lögsögumörkum.

Í öðru lagi þá er Vatnsveita Hafnarfjarðar sem er B-hluta fyrirtæki innan umhverfis og skipulagsþjónustu bæjarins og á að sjá um að fullnægja neysluvatnspörf íbúa bæjarins og atvinnureksturs og tryggja aðgang að hreinu vatni til allrar framtíðar.

Hafnarfjarðarbær tekur undir varúðarsjónarmið Orkuveitu Reykjavíkur vegna Þríhnjúka. Teljum við að rannsóknir skorti og að ekki hafi verið settar fram hugmyndir um trúverðugar mótvægisáðgerðir í verkefnislýsingunni. Því telur Hafnarfjarðarbær nauðsynlegt að Kópavogur sem handhafi skipulagsvalds á svæðinu þurfi að gangast fyrir slíkum rannsóknum og að niðurstöður þeirra verði lagðar til grundvöllunar ákvörðunar um landnotkun á viðkomandi svæði.

Í 44. gr. samþykktar um vemdarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar. Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 55 frá 19. júní 2015 er tekið fram að rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verði að sýna fram á að framkvæmd sem fyrirhuguð er á fjarsvæði vatnsverndar styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu „**og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs**“.



HAFNARFJÖRÐUR

Óskað er eftir því að deiliskipulagstilla verði því ekki unnin eða lögð fram nema niðurstöður rannsókna sýni að fyrirhuguð landnotkun hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsvernd á svæðinu. Þá telur Hafnarfjarðarbær að ekki hafi verið sýnt fram á að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmda eða reksturs við Þríhnúkagíg, eins og áskilið er í samþykkt nr. 55/2015. Því telur Hafnarfjarðarbær ekki vera fyrir hendi nauðsynlegar forsendur til að halda áfram undirbúningi deiliskipulags Þríhnúkagígs.

Þá er áréttar að Þríhnúkagígur er á aðrennslissvæði vatnstökusvæða Hafnarfjarðar, Orkuveitu Reykjavíkur og Kópavogsbæjar og því er hætta á að mengun frá umferð og starfsemi á svæðinu berist í neysluvatn íbúa.

Með kveðju,



Sigurður Haraldsson
SVIÐSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSPJÓNUSTU